

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

Útikennsla og útinám í umhverfi Gerðaskóla

Kristbjörg Eyjólfsdóttir



Kennaraháskóli Íslands
Grunnskólabraut
Maí 2008

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

Útikennsla og útinám í umhverfi Gerðaskóla

Kristbjörg Eyjólfsdóttir

1709665119

Kennaraháskóli Íslands

Grunnskólabraut

Maí 2008

Leiðsögukennari Eggert Lárusson

Ágrip

Ritgerðin *Útikennsla og útinám í umhverfi Gerðaskóla* fjallar um markmið og leiðir í útinámi og útikennslu. Kennsluverkefni tengd söguaðferðinni sem höfundur hefur í hyggju að vinna út frá á komandi misserum, ásamt hugtakakortum, fylgja ritgerðinni. Í ritgerðinni má finna verkefnablöð sem hægt er að nýta við kennsluverkefnið. Verkefnið tekur mið af þrjú til fimm hundruð metra svæði í umhverfi Gerðaskóla Garði. Markmið verkefnisins er að auka virðingu sem og tilfinningu nemenda á miðstigi grunnskóla fyrir ábyrgð gagnvart náttúru og umhverfi skólans, nýta það í kennslu og leyfa öðrum að njóta.

Formáli

Þegar ég ákvað að ráðast í lokaverkefni til B.Ed. prófs við Kennaraháskóla Íslands hugsaði ég um þann tíma þegar ég var í Gerðaskóla og hrönnuðust upp minningar. Árin níu sem gáfu mér gleði, þroska og reynslu flugu í gegnum hugann og stundirnar sem ég lék mér við vini mína í móanum, við síkið og í fjörunni rifjuðust upp. Þetta eru staðir sem nemendur geta unað sér við og lært um í kennslustundum í skóla. En hvað í umhverfi Gerðaskóla er hægt að nota í náttúrufræðikennslu?

Í Aðalnámskrá grunnskóla (Menntamálaráðuneytið 2006) segir „Börn, sem eru að byrja í skóla, eru yfirleitt forvitin og áhugasöm um fyrirbæri náttúrunnar. Forvitni og áhugi er helsti aflagjafi náms, fjöregg sannrar menntunar. Mikilvægasta hlutverk náttúrufræðikennslu í grunnskóla er að viðhalda þessari forvitni og þessum áhuga barna og unglinga á umhverfi sínu og sjálfum sér“. Einnig segir í aðalnámskránni. “Óhætt er að fullyrða að útikennsla, það er að flytja kennslu að einhverju leyti út fyrir veggi skólans, auðgi og styrki allt nám ásamt því að vera hollt bæði líkama og sál. Vettvangsnám er sérstaklega nauðsynlegt í náttúrufræðinámi þar sem úti í samfélagi, umhverfi og náttúru er sá raunveruleiki sem börnin eru að læra um og þurfa að þekkja, skilja og skynja. Það er því mikilvægt að skólar samþætti útikennslu í skólanámskrá sinni þannig að nemendum gefist tækifæri til að kynnast og njóta nánasta umhverfis og um leið efla virðingu þeirra fyrir því“ (Aðalnámskrá grunnskóla 2006). Umhverfið í kringum Gerðaskóla er hein gullnáma í útikennslu/útinámi og varð því ærin ástæða að útbúa kennsluáætlun ásamt verkefnum í lokaverkefninu. Við gerð verkefnisins naut ég aðstoðar Eggerts Lárussonar leiðbeinenda og Helenu Rafnsdóttur grunnskólakennara, eiga þau bestu þakkir skildar.